



Rýmisteikning í samtali við hús Ásmundar



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Ef lýsa ætti myrkva er yfirskrift sýningar Sirru Sigrúnar Sigurðardóttur í Ásmundarsafni Sigtúni. Aðalverk sýningarinnar er stór rýmisteikning Sirru Sigrúnar sem teygir sig af þaki byggingarinnar í gegnum glugga yfir á langvegg bogaskemmunar.

„Þessi teikning er í samtali við húsið sem Ásmundur hannaði og byggði sjálfur. Kúluhúsið er elsti hluti hússins, síðan byggði Ásmundur píramíðana og seinna kom bogaskemman sem hringar sig utan um kúluhúsið,“ segir Sirra Sigrún.

„Uppi á þaki byggingarinnar er tölvustýrður spegill sem snýr mót suðri sem skynjar hvar sólin er, hvaða dagur er og hvað klukkan er og stýrir um leið ljósinu inn í gegnum safnið. Ég setti litríkar tússteikningar, í alla glugga bogaskemmunar sem snúa í norður. Þar tala þær við sólarganginn og birtuna í sýningarsalnum. Þegar sólin skín verður aðalsalurinn eins og sólúr. Sólblettur, sem er endurkastast frá speglinum, tekur með sér lit út gluggateikningunni og fíklar sig eftir langveggnum, frá vestri til austur eftir því sem dagurinn líður.“

Upplifun gesta af þessu verki Sirru Sigrúnar er mismunandi eftir því hversu mikil birtan er. Þannig má mæla með því að koma oftar en einu sinni á sýninguna og á mismunandi tímum dags.

Á sýningunni eru einnig verk eftir Ásmund Sveinsson sem Sirra Sigrún valdi. „Þegar ég fór í gegnum skjala-



Litríkar tússteikningar Sirru Sigrúnar eru í gluggum.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

safn Ásmundar á Listasafni Reykjavíkur þá rakst ég á ljósmyndir, teikningar og póstkort frá ferðalagi hans um Grikkland en sagt er að hann hafi orðið fyrir áhrifum af byggingarlistinni á Grikklandi og þá fengið hugmyndina að kúluhúsinu þar. Ég var á þessum sömu slóðum nákvæmlega níutíu árum síðar. Þannig eru til myndir af Ásmundi og mér á sömu stöðunum. Þetta varð að kveikjum í samtali milli okkar Ásmundar.

”

Upplifun gesta af þessu verki Sirru Sigrúnar er mismundi eftir því hversu mikil birtan er.

Ásmundur hafði mikinn áhuga á vísindum og tækni og það hef ég einnig. Mörg verka hans eru greinilega vangaveltur um lífið og tilveruna. Ég valdi verk eftir hann á þessa sýningu sem mér finnst tala á einhvern hátt við hugmyndirnar á bak við þessa sýningu mína.“

Á sýningunni eru einnig teikningar eftir Sirru Sigrúnu og geometrískar teikningar eftir Ásmundi sem hafa aldrei verið sýndar áður.

Sýningin stendur til 3. október. ■